



Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Endurnýjun gangstétta og opinna svæða í eldri hverfum Mosfellsbæjar árið 2023

Dags: 08.11.2022

Málsnúmer: 202211143

Starfsmaður: Heiða Ágústsdóttir, fagstjóri garðyrkju, og Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki forgangsröðun framkvæmda við endurnýjun gangstétta og opinna svæða í eldri hverfum Mosfellsbæjar fyrir árið 2023.

Þá eru lagðar fram til kynningar tillögur um framkvæmdir vegna árána 2024 og 2025.

Greinargerð:

Lagt er til við bæjarráð að það heimili og staðfesti að verkefni við endurgerð eldri hverfi verði sem forgangsröðuð í samræmi við meðfylgjandi tillögu að áfangaskiptingu fyrir árið 2023. Tillagan er svohljóðandi:

Áfangi 1	Verkefni - lýsing	Kostnaður
Steypt stétt	Endurnýjun gangstéttar við Álfholt að Álfatanga	9.500.000,-
Steypt stétt	Endurnýjun gangstéttar við Langatanga 1/2	14.500.000,-
Malbikun	Malbikun stígs vestan Svöluhöfða	2.000.000,-
Græn svæði	Endurnýjun og grisjun Litlaskógi	17.500.000,-
	Samtals:	42.500.000,-

Tekin var ákvörðun um að vinna nýja úttekt á ástandi gangstétta stíga og opinna svæða í eldri hverfum Mosfellsbæjar árið 2021. Eldri úttektarskýrsla var frá árinu 2015 og því talið tímabært að vinna nýja úttekt. Fylgir nýja úttektarskýrslan frá 2021 hér með sem viðhengi, en í henni er metið ástand flestra gangstétta í Teigum, Holtum, Töngum, Túnum og Löndum auk nokkurra stíga innan Hlíðahverfis. Í eldri skýrslum var Hlíðahverfi ekki skoðað. Teymi innan garðyrkjudeildar mat ástand gangstétta og grænna svæða í eldri hverjum Mosfellsbæjar.

Í meðfylgjandi tillögu að forgangsröðun framkvæmda er ákveðnum gangstéttum sem þó eru framarlega í forgangsröðum ástandsskýrslunnar sleppt, en ástæða þess er sú að þær standa við lóðir þar sem fyrirhugaðar eru byggingarframkvæmdir á næstu misserum, en þessar gangstéttir eru við Langatanga (vestan- og austan megin) og Skeiðholt (milli Langatanga og Þverholts).

Gangstéttir og stígar

Víða er ástand gangstétta slæmt í eldri hverfum bæjarins og er því lagt til að forgangsráða með þeim hætti að byrjað verði á þeim gangstéttum sem liggja að og tengja hverfin saman, sem og gönguleiðir að og frá biðstöðvum Strætó. Að þeim framkvæmdum loknum verði farið í lagfæringar innan einstakra húsagatna



Tillaga umhverfissviðs um endurnýjun gangstétta í 1. áfanga er því að endurleggja gangstétt meðfram Álfholti frá Akurholti að Álfatanga sem eru um 300 m² og meðfram hálfum Langatanga austan megin sem er um 400 m². Áætlaður kostnaður: 24 m.kr.


Græn svæði

Í eldri hverfum eru einnig ýmis græn svæði þar sem ekki hefur verið náð tókum á illgresi og ýmsum ágengum plöntum. Þessi svæði hafa ýmist ekki verið skipulögð sérstaklega og ekki sett inn í áætlun um slátt og eru því í þannig ástandi að ekki er hægt að fara með sláttuorlf eða traktora á svæðin því þau þykja of gróf til þess að slá með venjulegum tækjum. Er því mikilvægt að endurnýja svæðin með jarðvegsskiptum, sáningu, endurplöntun eða túnpökulögn.

Svæði sem hefur verið í niðurníðslu undanfarin er Litliskógur norðan Hlíðartúns. Lagt er til að grisjun og endurnýjun gróðrar á því svæði verði í fyrsta áfanga framkvæmda. Kostnaðaráætlun 17,5 m.kr.

Önnur tillaga um endurnýjun slíkra grænna svæða í 2. áfanga framkvæmda er sem dæmi svæðið milli Skeljatanga, Rituhöfða og Svöluhöfða (sjá mynd hér til hliðar) Svæðið er alls um 3700 m² að stærð.

Í áætlun er gert ráð fyrir að jarðvegsskipta, leggja þökur og gróðursetja lágvaxnar trjátegundir í svæðið til að auka fjölbreytileika svæðisins en jafnframt að skerða ekki útsýni íbúa í kring. Með þessari framkvæmd verður til fallelgra umhverfi sem íbúar Mosfellsbæjar geta notið betur.



Einnig er tillaga um að jarðvegsskipta og endurplanta í svæði við enda Tröllateigs og Einiteigs. (Sjá mynd) Ágengar plöntur eins og kerfill hefur yfirtekið svæðið og berst í nærliggjandi garða. Íbúar Einiteigs og Hamarsteigs hafa mikinn metnað fyrir því að halda umhverfi sínu fallegu og hafa t.d. unnið til umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar bæði verðlaun fyrir snyrtilega götu og einnig einkagarður. Íbúar hafa plantað lágvöxnum runnum og trjám á svæði í kring til að halda ágengum plöntum í skefjum en ekki náð fyllilega tókum á ágengum plöntum sem eru á þessu svæði.

Kostnaðaráætlun: 17,5 m.kr.



Tillaga að áætlun framkvæmda fyrir árin 2023-2025

Áfangi 2023	Verkefni - lýsing	Kostnaður
Steypt stétt	Endurnýjun gangstéttar við Álfholt	9.500.000,-
Steypt stétt	Endurnýjun gangstéttar við Langatanga 1/2	14.500.000,-
Malbika stíg	Malbikun stígs vestan Svöluhöfða (opið svæði)	2.000.000,-
Græn svæði	Grisjun og endurnýjun Litlaskógi	17.500.000,-
	SAMTALS	42.500.000,-
Áfangi 2024	Verkefni - lýsing	Kostnaður
Steypt stétt	Jónsteigur (frá Asparteig að Einiteig)	9.500.000,-
Steypt stétt	Álfatangi frá strætóbiðstöð og að Arnartanga	14.000.000,-
1. áfangi	Endurnýjun svæðis neðan Skeljatanga og Tröllateigs	17.500.000,-
	SAMTALS:	41.000.000,-
Áfangi 2025	Verkefni - lýsing	Kostnaður
Steypt stétt	Brattholt/Barrholt endurnýjun gangstéttar	23.000.000,-
Steypt stétt	Skeiðholt/Langitangi	14.000.000,-
Grænt svæði	Endurnýjun gróðrar á milli Klapparhlíðar og Björtuhlíðar	11.000.000,-
	SAMTALS:	48.000.000,-

Í framlagðri en óstaðfestri áætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 45 m.kr. til verkefnisins endurnýjun eldri hverfa. Gert er ráð fyrir að 1. áfangi framkvæmda verði unninn árið 2023 en 2. áfangi árið 2024. Tillaga um framkvæmdir árin 2024 og 2025 eru þó aðeins til hliðsjónar þar sem ekki liggur fyrir hvað áætlað verður til verkefnisins á þeim árum. Aðeins 1. áfangi verkefnisins er því lagður fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

Heiða Ágústsdóttir, fagstjóri garðyrkju

Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs